

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) ~~Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi (nú 96.677 kr.)~~
Laun formanns verði 7,1% af þingfararkaupi (nú 114.384 kr.)
- b) ~~Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi (nú 48.339 kr.)~~
Laun annarra stjórnarmanna verði 4,1% af þingfararkaupi (nú 66.047 kr.)
- c) Laun fyrir stjórnarfundum og aðra fundi stjórnar og nefnda *sem stjórn skipar í* verði 2,5% af þingfararkaupi (nú 40.282 kr.)
- d) Laun formanna nefnda/úthlutunarnefndar verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd (nú 48.339 kr.)
- e) Hálf fæði verði greitt fyrir hvern staðfund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins (nú 8.300 kr.)
- e) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 142 kr./km)
Ekki má stofna til aksturs- eða ferðakostnaðar nema með samþykki framkvæmdastjóra. Komi til aksturs á eigin bifreið er akstur greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 142 kr./km).
- f) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi.

Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagraða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Úthlutunarnefnd - yfirferð umsókna
 - a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta
 - b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur
 - c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur
2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni
 - a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta
 - b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur
3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs
 - a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
 - b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur